

Geðhjálp fagnar stofnun velferðarráðuneytis



Guðbjartur Hannesson er velferðarráðherra mbl.is/Árni Sæberg

Geðhjálp lýsir ánægju með stofnun velferðarráðuneytis en skorar á stjórnvöld að bregðast hratt við ábendingum ríkisendurskoðunar um heildarstefnu í málefnum fatlaðra.

„Stjórn Geðhjálpar fagnar tilkomu nýs velferðarráðuneytis. Þar með er langþráð baráttumál félagsins að komast í höfn. Geðhjálp telur að málefni geðfatlaðra séu bæði heilbrigðis- og félagsmál og eigi að lúta sameiginlegri yfirstjórn. Brýnt er að sameinuðu ráðuneyti fylgi nýjar áherslur og breytt vinnubrögð.

Eins og fram kemur í skýrslu ríkisendurskoðunar er stefnumótun í málefnum fatlaðra, áætlanagerð, þjónusta og eftirlit að miklu leyti í ólestri. Við því verður tafarlaust að bregðast og er það án efa eitt mest aðkallandi verkefni nýs velferðarráðuneytis.

Ríkisendurskoðun bendir réttilega á að ekki liggur fyrir hver ávinningurinn af flutningi þjónustu við fatlaða yfir til sveitarfélaga á að vera.

Geðhjálp styður flutninginn en tekur undir þessa gagnrýni Ríkisendurskoðunar. Horfa verður með heildstæðum hætti á félagslega þjónustu jafnt sem heilbrigðisþjónustu í tengslum við flutning á málefnum fatlaðra yfir til sveitarfélaga og skilgreina upp á nýtt skyldur og ábyrgð sveitarfélaga annars vegar og hins opinbera hins vegar.

Í því skyni verður að horfa til nýrra þjónustupátta sem færa fötluðum aukið sjálfstæði og möguleika til virkrar þátttöku í samfélaginu s.s. notendastýrða persónulega aðstoð og talsmannakerfis. Geðhjálp lýsir sig reiðubúið til þátttöku í þeirri vegferð," segir í tilkynningu frá Geðhjálp.